

## 8. gr.

103

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. 25. júlí

Reykjavík, 17. júlí 1949.

Sigurbjörn Einarsson.

Helgi Gíslason.

Gísli Jónasson.

## AUGLÝSING

104

28. júlí

um breyting á gjaldskrá fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

## 1. gr.

Öll símagjöld samkvæmt I.—IV. kafla og VIII.—X. kafla hækka um 10%.

## 2. gr.

Í V. kafla A. 1. breytast símtalagjöldin þannig:

Um	0— 25 km	línulengd	.....	kr.	2.00
—	25—100	—	—	.....	— 3.50
—	100—225	—	—	.....	— 4.50
—	225—350	—	—	.....	— 6.00
—	350—475	—	—	.....	— 7.00
	Yfir 475	—	—	.....	— 8.00

## 3. gr.

Í VI. kafla A. breytast gjöld fyrir innanlandsskeyti, 1.—6. liður, þannig:

1. *Venjuleg símskeyti*: 35 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 3.50.
2. *Innanbæjarskeyti*: 20 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
3. *Blaðaskeyti*: 10 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
4. *Hraðskeyti*: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 7.00.
5. *Veðurskeyti*: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. *Heillaskeyti*: Sama gjald og fyrir venjuleg símskeyti, en auk þess greiðist auka-gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 4.00—10.00, eftir gerð eyðublaðsins.

Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 8.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 6.00.

## 4. gr.

Gjald fyrir útburð skeyta og fyrir boðsendingar samkvæmt 11. lið VI. kafla og 6. lið XI. kafla hækkar um 10%.

## 5. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur breytingin samkvæmt 1. gr. í gildi 1. október 1949, en breytingar samkvæmt 2., 3. og 4. gr. 1. ágúst 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 28. júlí 1949.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.